

## Fundargerð skólaráðsfundar

<b>Fundarstaður:</b>	<b>Varmárskóli</b>
<b>Fundardagur:</b>	<b>Þriðjudagur 3. desember 2019</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>8:15 – 9:15</b>
<b>Fundarmeðlimir</b>	<b>Anna Greta Ólafsdóttir, skólastjóri - fundarstjóri</b> <b>Þórhildur Elfarsdóttir, skólastjóri – fundarritari</b> <b>Agnes Jónsdóttir, fulltrúi kennara</b> <b>Ágústa Ragnarsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks</b> <b>Jón Ragnars, fulltrúi foreldra</b> <b>Málfríður Jörgensen/Lilly, fulltrúi foreldra</b> <b>Hrafnhildur Gísladóttir forstöðumaður Bólsins, fulltrúi</b> <b>grendarsamfélagsins</b> <b>Ari Jakobsson, fulltrúi nemenda</b> <b>Birta Kjartansdóttir, fulltrúi nemenda</b>

Anna Greta Ólafsdóttir bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá fundarins.

### *Dagskrá:*

#### **1) Kynning á starfsemi nemendaráðs**

Fulltrúar nemendaráðs kynna starfsemi nemendaráðsins.

Farið yfir aðkomu nemenda að uppákomur og skipulag nemendaráðs.

#### **2) Önnur mál**

##### **a. Skóladagatal.**

Anna Greta fór yfir helstu atriði. Rætt um starfsdaga og skipulag vetrarfrís.

##### **b. Fjöldi fulltrúa í Skólaráði**

Fyrirspurn frá fulltrúum foreldra um fjölda skólaráðsfulltrúa sem lítur að því að skólaráðsfulltrúar í Varmárskóla eru tíu en ekki níu eins og gert er ráð fyrir í lögum um grunnskóla. Lagt var fram skriflegt svar frá skólastjórnendum um málið, þar sem skýrt er frá því að Varmárskóli starfi samkvæmt undanþáguheimild um stjórnun skóla og er í ljósi þess heimilt að hafa tvo skólastjóra í skólaráði og fjölga þannig um einn fulltrúa.

##### **c. Ábending frá fulltrúum foreldra um að fundargögn séu afhent með fundarboði. Aðilar sammála um mikilvægi þess og reynt verður að gera það framvegis.**

##### **d. Fyrirspurn frá fulltrúum foreldra um tímasetningu á fyrsta fundi skólaráðs.**

Fulltrúar foreldra hefðu kosið að fyrsti fundur skólaráðs hefði verið mun fyrir að hausti. Málið var rætt og allir sammála um að það sé gott að hittast í byrjun október en ekki mikið seinna en það. Ástæða þess að fyrsti fundur skólaráðs var seinna þetta árið var að skólastjórar áváðu að fyrsti fundur skólaráðs yrði eftir að nýjir fulltrúar foreldra yrðu kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins.

**3) Önnur mál**

- a.** Fulltrúar foreldra óska eftir aukafundi um líðan og námsárangur. Skólastjórnendur skoða málið.
- b.** Umræður um hvernig foreldrafélagið ætlar að bregðast við og hvernig það getur stutt við skólastarfið. Hrafnhildur sagði frá því að félagsmiðstöðin væri að styðja við foreldra með því að koma foreldraröltinu af stað. Þá hefur Bólið verið með fræðslu í samstarfi við skólann, bæði fyrir nemendur og foreldra.
- c.** Umræða um námsmatið í skólanum.

**Fundi slitið kl. 9:15, fundargerð ritaði Þórhildur Elfarsdóttir**